

2015

Þemaverkefni fyrir elsta stig – samþætting námsgreina

Álftanesskóli

Ábyrðarmenn:

Hjördís Jóna Gísladóttir,

Katrín Halldórsdóttir

Samstarfsaðilar/tengiliðir:

Berglind Ósk Böðvarsdóttir

Einar Daði Reynisson

Gauti Eiríksson

Guðrún Anna Kjartansdóttir,

Hanna Mjöll Káradóttir

Lokaskýrsla – Próunarsjóður Garðabæjar

Heiti verkefnis: Þemaverkefni fyrir elsta stig – samþætting námsgreina í Álftranesskóla

Styrkþegar:

Berglind Ósk Böðvarsdóttir

Einar Daði Reynisson

Gauti Eiríksson

Guðrún Anna Kjartansdóttir

Hjördís Jóna Gísladóttir

Katrín Halldórsdóttir

Sif Þráinsdóttir

Verkefnisstjórar:

Hjördís Jóna Gísladóttir

Katrín Halldórsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Að tengja kennslustofuna við heiminn fyrir utan og byggja á raunverulegum aðstæðum. Nemendur fá einnig tækifæri til sköpunar og óhefðbundinnar úrvinnslu.

Þessi verkefni gera nemendur sjálfstæðari í vinnubrögðum og hvetur þau jafnframt til að nota það sem þau hafa þegar lært. Verkefnin reyna á marga þætti og dregur fram þeirra styrkleika. Verkefnin eru hópaverkefni þar sem reynir á samvinnu og nýtingu hæfileika hvers og eins.

Undanfarin 8 ár höfum við unnið þemaverkefni í 8. og 10. bekk. Nemendur vinna þvert á námsgreinum í þessum verkefnum og unnið er í 1-2 vikur í 8. bekk og 3 vikur í 10. bekk og vinna þau ekki að neinu öðru á meðan. Verkefnin þarfnast endurbóta og eins höfum við áhuga á að gera sambærilegt verkefni fyrir 9. bekk.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Ákveðið var að skipta með okkur verkum og tveir kennarar tóku að sér verkefni 8. bekkjar, þrír í 9. bekkjar verkefni og tveir í 10. bekkjar verkefnið. Til var grunnur að verkefnum fyrir 8. og

10. bekk en verkefni fyrir 9. bekk var unnið frá grunni. Með verkefnin fyrir 8. og 10. bekk var farið vel yfir verkefnin sem til voru og þau endurskoðuð og uppfærð. Nánari lýsingar fyrir nemendur að verkefnunum voru búnar til og uppfærð, kennsluleiðbeiningar, eyðublöð og ýmis matsblöð s.s. sjálfsmats- og jafningjamatsblöð. Matsblöð kennara voru einnig uppfærð og aðlöguð að verkefnunum. Verkefnin í heild sinni með öllum fylgiblöðum og eyðublöðum voru sett í þar til gerðar möppur. Eftir að þessi verkefni höfðu verið unnin um veturinn skráðu kennarar niður þau atriði sem betur máttu fara eða þurfti að breyta á einhvern hátt. Verkefnin voru þá yfirfarin og uppfærð í það horf sem við erum sátt við og eru því aðgengileg fyrir okkar vinnu og aðra sem vildu hugsanlega nýta sér þau.

Verkefni fyrir 9. bekk þurfti að vinna frá grunni en komnar voru hugmyndir að því. Farið var í frekari hugmyndavinnu og verkefnið útfært nánar s.s. nánari lýsing á þemanu, hvenær væri best að leggja það fyrir 9. bekk og hvaða tímamagn þyrfti í það. Verkefnið er nú komið á það stig að hægt er að prufukeyra það næsta vetur og eftir það munum við yfirfara það og uppfæra eftir þörfum.

Unnið var í verkefninu með jöfnu millibili um veturinn og eftir þörfum. Verkefnin fyrir 8. og 10. bekk er nú fullunnin en umfang verkefnisins fyrir 9. bekk er eitthvað minna en við ætluðum og er það vegna lægri úthlutunar en við sóttum um.

Hindranir og frávik frá upprunalegri áætlun

Einu frávikin sem urðu eru vegna minna tímamagns en við fengum ekki allt það sem við sóttum um. Eins var strax ljóst að einn samstarfsaðilinn, hún Hanna Mjöll fór í fæðingarorlof og tók því ekki þátt en nýr starfsmaður, Sif Þráinsdóttir, kom í hennar stað.

Mat á verkefninu

Verkefnið gekk mjög vel og erum við mjög ánægð með afraksturinn. Eftir samtalið okkar við nemendur og foreldra er einhugur um að allir hafi lært mjög mikið um hluti sem nýttast þeim vel í framtíðinni, t.d. um bankaviðskipti, almennan kostnað við rekstur heimila og fyrirtækja, leyfisveitingar og allt það sem þarf til að reka heimili (8. bekkjar verkefnið) og fyrirtæki (10. bekkjar verkefnið). Einn kennaranna í hópnum útbjó myndband um vinnsluna á lokaverkefni

10. bekkjar og annað þegar lokaafraksturinn var tilbúinn. Við hvetjum ykkur til að skoða þau en hlekkir á þau eru hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=ZWQu91-J3I8>

<https://www.youtube.com/watch?v=KGZQfX7A7xs>

Verkefnið sem hugsað er fyrir 9. bekk er komið á það stig að það er tilbúið til prófunar næsta vetur og erum við spennt að sjá hvernig það leggst í nemendur.

Ráðstöfun styrks

Heildarupphæð styrks 600.000 kr

Laun - heildarupphæð styrks fór í launakostnað.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Ávinningur verkefnisins er margþættur eins og nefnt hefur verið hér að ofan og má þar nefna sjálfstæðari og hugmyndaríkari nemendur, aukin tengsl við raunveruleikann, samþætting námsgreina, skapandi vinna, samvinna nemenda og kennara og uppbrot á almennu skólastarfi.

Við lok verkefnisins varð til verkmappa fyrir hvert verkefni sem inniheldur verklýsingu fyrir nemendur. Einnig verður þar að finna verklýsingu fyrir kennara og eyðublöð sem notuð eru við mat á verkefninu s.s. sjálfsmat, jafningjamat og mat kennara. Einnig er þar lýsing á matsatriðum út frá hverri námsgrein. Foreldrabréf, leyfisbréf og lista yfir bjargir sem hægt er að nýta sér.

Garðabær 9. júní 2016

Hjördís Jóna Gísladóttir

Katrín Halldórsdóttir